

Origo hf. - Framboð til stjórnar á aðalfundi félagsins 4. mars 2021

Reykjavík, 1. mars 2021

Eftirtalin hafa gefið kost á sér til setu í stjórn Origo hf., sem kjörin verður á aðalfundi félagsins þann 4. mars næstkomandi:

1. Auður Björk Guðmundsdóttir: kennitala: 150866-4059
2. Guðmundur Jóhann Jónsson: kennitala: 041159-2439
3. Hildur Dungal, kennitala: 140571-3859
4. Hjalti Þórarinsson, kennitala: 290175-3649
5. Ívar Kristjánsson, kennitala: 011069-5099

Auður Björk Guðmundsdóttir kæmi sem nýr stjórnarmaður inn í stjórn Origo hf. á árinu 2021. Auður Björk er framkvæmdastjóri Two Birds ehf. en var framkvæmdastjóri hjá Vátryggingafélagi Íslands hf. frá 2005 til 2018. Auður Björk hefur viðtæka reynslu af markaðsmálum og stefnumótun. Hún situr í stjórn Íslandspósts ohf. Isnic, Internet á 14 Íslandi hf., Icelandic Trademark holding ehf. og Jata eignarhaldsfélags ehf. Auður Björk er með B.A. gráðu í fjölmiðlafræði frá University of South Alabama, AMP gráðu frá IESE og MBA gráðu frá Háskólanum í Reykjavík.

Guðmundur Jóhann Jónsson tók sæti varamanns í stjórn Origo hf. á árinu 1999 og hefur gegnt hlutverki vara- og aðalmanns frá þeim tíma til dagsins í dag. Guðmundur, sem er forstjóri tryggingafélagsins Varðar, útskrifaðist sem viðskiptafræðingur frá Seattle University á árinu 1985 og lauk MBA prófi frá Edinborgarháskóla á árinu 2000. Hann hefur auk setu í stjórn Origo hf. setið í stjórnnum nokkurra annarra fyrirtækja. Hann situr í stjórn Viðskiptaráðs Íslands.

Hildur Dungal tók sæti í aðalstjórn Origo hf. í febrúar árið 2011. Hún útskrifaðist með embættispróf í lögfræði frá Háskóla Íslands. Hún gegndi starfi forstjóra Útlendingastofnunar, starfaði um árabíl hjá dómismálaráðuneytinu en er nú lögfræðingur yfirstjórnar samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins. Hildur hefur setið í stjórnnum nokkurra fyrirtækja.

Hjalti Þórarinsson tók sæti varamanns í stjórn Origo hf. í mars 2017. Hann er framkvæmdastjóri hjá Marel og leiðir 230 starfsmanna hugbúnaðardeild. Hjalti stundaði nám í rafmagns- og tölvuverkfræði í HÍ 1995-1998 og lauk MBA námi frá MIT í Bandaríkjunum. Hjalti átti þátt í stofnun hugbúnaðarhússins Dímon árið 1998. Eftir MBA námið vann Hjalti í höfuðstöðvum Microsoft í 11 ár, og leiddi þar viðskiptaþróun fyrir gervigreind.

Ívar Kristjánsson tók sæti í stjórn Origo hf. í mars 2016. Hann er framkvæmdastjóri 1939 Games, stjórnarformaður RVX og situr í stjórn Icelandic Gaming Industry (innan Samtaka iðnaðarins). Ívar stundaði nám í viðskiptafræði við HÍ og hefur lokið MBA gráðu frá HR. Hann er einn af stofnendum CCP hf. og starfaði þar í 17 ár og var framkvæmdastjóri CCP þegar EVE-Online kom út árið 2003, en var lengst af fjármálastjóri CCP.

Það er mat stjórnar að öll framboð séu gild sbr. 63 gr. hlutafélagalaga og að meirihluti frambjóðenda séu óháðir Origo hf. Frekari upplýsingar um framangreinda aðila munu verða aðgengilegar á upplýsingasíðu aðalfundar 2021 á heimasíðu félagsins <https://www.origo.is/adalfundur>.

Tilnefningarnefnd Origo hf. 2020 – 2021 leggur til að Auður Björk Guðmundsdóttir, Ívar Kristjánsson, Hildur Dungal, Guðmundur Jóhann Jónsson og Hjalti Þórarinsson verði kosin í stjórn félagsins á aðalfundi 4. mars 2021 sbr. skýrslu tilnefningarnefndar dagsetta 15. febrúar síðastliðinn.

Það er mat tilnefningarnefndar að tillaga nefndarinnar uppfylli vel viðmið nefndarinnar um hæfni og hæfi stjórnarmanna og kröfur sem gerðar eru til góðra stjórnarháttá.

Hluthöfum sem þess óska er velkomið að vera viðstaddir Aðalfund Origo hf. í ráðstefnusal félagsins að Borgartúni 37, að því marki sem ekki er brotið gegn takmörkunum á samkomum. Atkvæðagreiðslur og umræður verða einungis rafrænar á aðalfundinum. Þeir hluthafar sem óska eftir að vera viðstaddir skulu senda tölvupóst til fjarfestatengsl@origo.is og munu þeir fá svar svo fljótt sem auðið er hvort hægt sé að taka á móti þeim, í ljósi takmarkana á samkomum.

Viðhengi

Origo hf. - Framboð til stjórnar á aðalfundi félagsins 4. mars 2021